



Skólaráðsfundur 19. október 2023

kl. 14:30 í Víkurskóla

Mættir eru: Bergný Ösp Sigurðardóttir fulltrúi foreldra, Berglind J. Másdóttir stuðningsfulltrúi, Guðjón Örn Guðmundsson fulltrúi nemenda, Íris Orradóttir fulltrúi nemenda, Helga Halldórsdóttir fulltrúi grenndarsamfélags, Sif Hauksdóttir, fulltrúi kennarar, Kolbrún Ósk Guðjónsdóttir aðstoðarskólalastjóri og Elín Einarsdóttir, skólalastjóri sem stjórnaði fundi.

Elín kynnti hlutverki skólaráðs í upphafi fundar og fór yfir breyttan fundartíma í skólaráði en hann verður á fimmtudögum kl. 14:30

Dagskrá:

Drög að Starfsáætlun Skólaráðs Víkurskóla 2023 – 2024 -

Skólaráð samþykkir framlagða starfsáætlun

Almennt um skólastarfið í upphafi skólaárs

Margt hefur verið á döfunni þar sem af er vetri. Má þar nefna að nemendur í 9. – 10 bekk fóru í vel heppnaða ferð til Gran Canaria í október. Þá er á döfinni tveggja daga ráðstefna á vegum Erasmus sem Víctoría mun setja og Þuríður er á leið til Noregs á tungumálaráðstefnu.

Kötlumix, sem er þverfaglegu námi sem unnið er í 7.-10. bekk fer mjög vel af stað, nemendur virðast vera áhugasamari um námið sitt og samheldni hefur aukist.

Töluvert hefur verið um forföll í vetur. Bæði vegna náms starfsmanna og veikinda. Hafa aðrir starfsmenn lagt á eitt við að leysa forföll.

Kolbrún fór aðeins yfir starfið í forskólanum en í vetur eru nemendur 7 í forskóla. Starfið gengur vel hjá nemendum og eru þau að aðlagat vel nýjum aðstæðum. Á dögnum var lagt fyrir Hljóm, skimun til að meta hljóðkerfis- og málvitund barnanna og er verið að fara yfir niðurstöður.

Elín tilkynnti einnig að skólinn væri að stefna á brunaæfingu en töluverður tími er liðinn síðan síðast æfing var haldin. Þá kom einnig fram að nýtt almannavarnarplan fyrir sveitarfélagið sé í vinnslu og verður það vonandi kynnt skólasamfélaginu sem fyrst.

Þá hafa verið hinir ýmsu fundir á dagskrá á vegum skólans, má þar nefna fund íá Nemendaráði Víkurskóla á dögnum sem var einstaklega góður. Nemendur voru mjög áhugasamir og málefnalegir og eru strax farnir að skipulegga hinar ýmsu uppkomur vetrarins.

Skólareglur

Búið er að uppfæra skólareglur Víkurskóla og hafa þær farið til umfjöllunar í foreldrafélagi Víkurskóla, á kennarafund Víkurskóla og kynningu hjá nemendaráði.

Skólaráð samþykkir fyrirbyggjandi skólareglur.

Sjálfsmatsskýrsla

Sjálfsmatsskýrslan lögð fram til kynningar sjá nánar á heimasíðu Víkurskóla.

Skólanámskrá 2023 – 2024

Skólanámskrá kveður m.a. á um markmið og fyrirkomulag skólastarfs, kennsluskipan og viðmið um námskröfur og námsframvindu. Öllum skólum er skylt að gefa út skólanámskrá.

Helstu breytingar frá fyrri skólanámskrá er námsmat en innleiðing á nýju námsmati hefur staðið yfir í Víkurskóla síðastliðið ár.

Skólaráð samþykkti fyrirbyggjandi skólanámskrá.

Starfsáætlun 2022-2023.

Elín kynnti breytingar sem hafa orðið á starfsáætlun skólans frá síðasta ári m.a nýjan og ýtarlegri texti um dægradvölinu, skerta skóladaga og íslensku fyrir útlendinga.

Starfsáætlun hefur veirð lögð fyrir fjölskyldu-, frístundar, og menningarráð og var hún samþykkt þar með fyrirvar um að skólaráð samþykki áætlunina.

Skólaráð samþykkti fyrirbyggjandi starfsáætlun.

Önnur mál

Bergný nefndi að Víkurskóli væri að vinna gott starf varðandi símanotkun nemenda.

Þá kom fram hversu nemedur í unglingadeilar væru dugleg að nota setustofuna, púlið, borðtennis og samveruhorn og væru flottar fyrirmyndir í framkomu og hegðun.

Spennandi tímar framundan en nú styttest í að nýr leikskóli verði að veruleika en með tilkomu hans fær grunnskólinn mun meira rými.

Fundi slitið kl. 15:50